

Stjórnarfundur í Geðhjálp 02.05.19

Mættir: Einar Þór Jónsson, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, Silja Björk Björnsdóttir, Sigríður Gísladóttir, Garðar Sölvi Helgason, Héðinn Unnsteinsson, Halldór Auðar Svansson, Ágúst Kristján Steinarsson, Bergþór Grétar Böðvarsson, Áslaug Inga Kristinsdóttir.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (SBB).

Stjórnarmenn samþykkja fundargerð aðalfundar og síðasta stjórnarfundar með undirskriftum sínum.

2. Styrkur frá Öryrkjabandalaginu (EPJ).

EPJ kynnir styrk frá Öryrkjabandalaginu. Samtökin fá 1,5 mkr. grunnstyrk og 2,8 mkr. verkefnastyrk frá bandalaginu. ÁKS spyr í hvað styrkurinn fari, AGÓ útskýrir að styrkurinn renni annars vegar í almennan rekstur og hins vegar í sértæk verkefni á borð við Crazy Culture hátíðina í haust. Rætt er um skilyrði fyrir styrkveitingum og að styrkurinn komi frá Getspá.

3. Stefnumótunarfundur, drög að dagskrá (HU, AGÓ).

AGÓ kynnir drög að dagskrá stefnumótunarfundar Geðhjálpar 25.maí 2019. Samþykkt er að senda út tölvupóst til félagsmanna með tveimur spurningum varðandi viðhorf til Geðhjálpar og hvað sé brýnast að gera í geðheilbrigðismálum. Könnunin verði send út áður en stefnumótunarfundur á sér stað.

4. Neyslurými, umsögn (EPJ, AGÓ).

EPJ kynnir drög að umsögn Geðhjálpar um frumvarp velferðarnefndar Alþingis um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni. Geðhjálp er fylgjandi frumvarpinu. Umræður meðal stjórnarfólks um skaðaminnkun. Umsögnin er samþykkt.

5. Þátttaka Geðhjálpar í Stuðningsneti sjúklingasamtakanna (SL, ÁK, BGB, AGÓ).

Umræður um kosti og galla aðildar Geðhjálpar að Stuðningsnetinu. Samþykkt að Geðhjálp taki þátt í samtökunum a.m.k. eitt ár. Geðhjálp mun standa fyrir kynningu á Stuðningsnetinu í húsakynnum sínum.

6. Tillaga formanns um greiðslur vegna vinnutaps (EPJ).

EPJ útskýrir frekar tillögu sína frá síðasta fundi. EPJ segir að þessi 4. grein laganna/skortur á umbun gæti orðið hindrun eða heftandi fyrir félagsstörf. EPJ leggur til að á stjórnarárinu verði spurningin um greiðslur fyrir vinnutap tekin upp, þ.e. 4.grein

laga Geðhjálp, ekki aðeins fyrir formann heldur einnig stjórnarfolk. EPJ segir ekki meiningu að vera í launuðu starfi. Skortur á verklagsreglum um þetta ákvæði.

HU segir 4.grein eiga ekkert með þetta að gera, framlög eins og fyrirlestrar og útlagður kostnaður séu í lagi en ekki að greiða vinnutap. Hann segir að leggja þurfi til lagabreytingu á næsta aðalfundi ef greiðslur eiga að renna til formanns og/eða stjórnarmanna. AGÓ segir liggja fyrir að útlagður kostnaður sé greiddur og svo námskeiðisstyrkur upp að 50.000 kr.

GSH hrósar EPJ fyrir hreinskilni að koma með þetta upp á borðið. Hann leggur til að AGÓ beri málið undir sérfræðing í félagarétti. AGÓ segist hafa gert það og slíkar greiðslur séu óheimilar án heimildar í lögum samtakanna. Haldið verður áfram með umræðuna seinna.

Umræður um sérhæfða skiptingu stjórnarmanna og dreifingu verkefna á einstaka stjórnarmenn í fjölmiðlum.

7. Önnur mál, m.a. ársfjórðungsuppgjör.

- EPJ segir að Geðhjálp þurfi að kjósa tvo fulltrúa í stjórn Mannréttindarstofu. EPJ býður sig fram sem aðalfulltrúa, ÁIK býður sig fram sem varafulltrúa. Stjórnin samþykkir bæði framboðin.

- AGÓ kynnir námskeið í mannréttindamiðaðri geðheilbrigðisþjónustu. 6.-7.júní, 11.-12.júní. Hún býður stjórnarfolki að sitja námskeiðið.

Fundurinn stóð yfir frá 16.15 til 18.25.